

FRÉTTABRÉF SSNE

ÁGÚST 2022

STEFNUMÓTANDI BYGGÐAÁÆTLUN FYRIR ÁRIN 2022-2036

Í byrjun sumars var samþykkt á Alþingi ný þingsályktun um stefnumótandi byggðaáætlun fyrir árin 2022-2036. Stefnumótandi byggðaáætlun er mikilvægt verkfæri fyrir alla þá sem starfa að eflingu byggða landsins enda eins og kemur fram í greinargerð tillögunnar þá eru byggðamál skilgreind sem „... öll þau viðfangsefni sem hafa áhrif á lífsgæði og samkeppnishæfni landshluta, svo sem búsetu, atvinnu og nýsköpun“.

Byggðaáætlanir ríkisins hafa tekið miklum breytingum frá því fyrstu slíku áætlanirnar voru lagðar fram og eru orðnar mun metnaðarfullri, einkum hvað varðar framkvæmd þeirra. Þannig eru í þessari nýju áætlun lagðir fram ný árangursmælikvarðar til að meta framgang markmiða stjórnvalda í byggðamálum. Þá eru í fyrsta sinn aðgerðir tengdar við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna. Allt þetta verður vonandi til þess að auka bæði skýrleika áætlunarinnar og árangur af verkefnum hennar.

Hlutverk SSNE í stefnumótandi byggðaáætlun 2022-2036

Hlutverk landshlutasamtakanna þegar kemur að framkvæmd byggðaáætlunar er stórt og hefur farið mjög vaxandi á síðustu árum. Í aðgerðaáætlun þessarar nýju byggðaáætlunar eru landshlutasamtök nefnd sem dæmi um samstarfsaðila í 21 aðgerð en áður voru þau tilgreind sem samstarfsstarfsaðili í 16 verkefnum. Þá eru landshlutasamtökin nefnd sem framkvæmdaaðili í 9 aðgerðum en voru áður nefnd í 5 verkefnum. Að auki eru sveitarfélögin sjálf nefnd sem framkvæmdar- og samstarfsaðili í fjölmörgum aðgerðum. Það er því ljóst að ríkisvaldið gerir ráð fyrir auknu og mun stærra hlutverki landshlutasamtakanna en áður.

Það er mikið fagnaðarefni að ríkisvaldið hefur í auknum mæli gert sér grein fyrir þeim mikilvæga og góða vettvangi sem sóknaráætlanir landshluta eru og hafa sýnt landshlutasamtökum aukið traust. Þá kemur fram í stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar skýrt fram að unnið verði að eflingu sóknaráætlana landshlutasamtakanna en einnig eru önnur striði tíunduð í sáttmálanum, undir liðnum byggðamál, sem kalla mjög á öflugt starf landshlutasamtaka.

Fjölbreytt verkefni á borði landshlutasamtakanna

Í fyrrnefndri aðgerðaáætlun stefnumótandi byggðaáætlunar fyrir árin 2022-2036 eru verkefnir sem tengd eru landshlutasamtökunum sérstaklega mjög fjölbreytt. Verkefnir spanna fjölmarga málaflokka, allt frá heilbrigðismálum til fræðslumála, frá loftslagsmálum til menningarstofnana. Má sem dæmi nefna aðgerðir A.4. Velferðarnet og A.6. Aðgengi að sérfræðipjónustu á heilbrigðissviði, A.11. Heildstæð skjólabjónusta, A.15. Opinber grunnþjónusta og jöfnun aðgengis, B.8. Miðstöð norðurslóðamála, C.3. Grænt og snjallt Ísland og C.17. Grænir iðngarðar - svo fátt eitt sé nefnt.

Allar þessar aðgerðir eru mikilvægar uppbyggingu landshlutanna og byggðar í landinu og því skiptir máli að þær komist allar til framkvæmda. Þó að sú jákvæða breyting hafi orðið á byggðaáætlunum ríkisins að nú er skilgreind tillaga til fjármögnunar hverrar aðgerðar þá breytir það því ekki að til að samstarfsaðilar um framkvæmd aðgerðanna, eins og til dæmis landshlutasamtökin, þurfa að hafa tryggan rekstrargrundvöll til að geta komið eins sterkt að málum og þörf er á til að vel eigi að vera.

9% LÆKKUN Á FRAMLÖGUM TIL BYGGÐAÁÆTLUNAR 20,7% LÆKKUN TIL SÓKNARÁÆTLANA

Í ljósi þessa aukna hlutverks landshlutasamtakanna skýtur verulega skökku við að á sama tíma hefur verið samþykkt í gildandi fjármálaáætlun verulegur niðurskurður næstu 5 árin til bæði byggðaáætlunar og sóknaráætlunar. Alls er um að ræða 10,3% heildarlækkun á úthlutun til hvoru tveggja eða 9% lækkun á framlögum til byggðaáætlunar og 20,7% lækkun til sóknaráætlana. Það er því ljóst að ekki fara saman hljóð og mynd hvað þetta varðar hjá ríkisvaldinu. Mikilvægt er að þetta verði lagfært við gerð fjárlaga í haust til að ekki þurfi að grípa til niðurskurðar í atvinnuráðgjöf og sóknaráætlunum landshlutanna á næsta ári.

STYRKJAUMHVERFIÐ

Atvinnuráðgjafar SSNE veita stuðning og ráðgjöf til frumkvöðla á öllum stigum nýsköpunar. Ráðgjafar SSNE veita upplýsingar um styrki og styrkjamöguleika sem standa einstaklingum, fyrirtækjum og rannsóknaraðilum til boða en við hvetjum einstaklinga og fyrirtæki til að kynna sér málin á heimasíðu SSNE þar sem má finna yfirlit yfir styrki sem veittir eru frá ráðuneytum, Rannís, samfélagssjóðum, Uppbyggingarsjóði Norðurlands eystra ofl. Við vekjum líka athygli á því að mörg fyrirtæki veita samfélagsstyrki og hvetjum við fólk til að kynna sér þá. Hér er styklað á stóru á þeim sjóðum sem eru opnir nú

• Hljóðritasjóður / 15. september

- **Fyrir hverja?** Tónlistarmenn, jafnt einstaklinga sem hljómsveitir, útgáfufyrirtæki og aðra er koma að hljóðritun tónlistar
- **Til hvers?** Hljóðritasjóður veitir styrki til hljóðritunar nýrrar, frumsamdrar tónlistar sem stuðla á að nýsköpun. Veittir eru styrkir í almenn verkefni og þróunarverkefni

• Svanni - Lánatryggingasjóður kvenna / 15. september

- **Fyrir hverja?** Starfandi fyrirtæki sem eru í eigu kvenna a.m.k. 51% geta sótt um lán.
- **Til hvers?** Hægt er að sækja um lán vegna verkefna innan fyrirtækis sem byggja að einhverju leiti á nýsköpun og/eða að verkefnið leiði til atvinnusköpunar og verðmætaaukningar.

• Vaxtarrými / 19. september

- **Fyrir hverja?** Frumkvöðla, ný fyrirtæki og nýsköpunarverkefni innan rótgróinna fyrirtækja á Norðurlandi sem eru komin af hugmyndastigi og vilja nýta Vaxtarrými Norðaráttarinnar til að vaxa.
- **Til hvers?** Vaxtarrými er átta vikna viðskiptahraðall beint að sjálfbærni, með áherslu á mat, vatn og orku þar sem þátttakendur fá tekið á sig og efla sig og sín fyrirtæki. Vaxtarrými hefst 3. október og lýkur 24. nóvember

• Starfslaun listamanna 2023 / 3. október

- **Fyrir hverja?** Sjálfstætt starfandi hönnuði, myndlistarmenn, rithöfunda, sviðslistafólk, tónlistarflytjendur og tónskáld.
- **Til hvers?** Að efla listsköpun í landinu.

• Erasmus +

- Samstarfsverkefni í Erasmus+ gera stofnunum og samtökum á sviði mennta- og æskulýðsmála kleift að skiptast á reynslu og þróa nýjar aðferðir í starfsemi sinni í samstarfi við aðila í öðrum Evrópulöndum.

FINNST ÞÉR FLÓKIÐ AÐ SÆKJA UM STYRK?

Markmiðið er annars vegar að fjölga umsóknum af svæðinu og hins vegar að hækka árangurshlutfall umsókna af svæðinu. Þessi aukna aðstoð við styrkumsóknarskrif er hluti af verkefninu "Nýsköpun á Norðurlandi" sem var eitt af áhersluverkefnum SSNE 2021. Einfalt og fljótlegt er að sækja um slíka aðstoð og er tekið við umsóknum allan ársins hring.

Hjá SSNE er hægt að nálgast upplýsingar um ýmsa styrki sem í boði eru, bæði hér á landi sem og erlendis. Þá býður SSNE upp á fría ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja vegna styrkumsóknarskrifa en nú bætum við um betur og bjóðum upp á fjárhagsaðstoð til að niðurgreiða kostnað við sérhæfða ráðgjöf eða námskeið í styrkumsóknarskrifum.

SÓKNARÁÆTLUN
NORÐURLANDS EYSTRA

SJÁ NÁNAR

Bóka viðtal hjá ráðgjafa

TÆKNIÞRÓUNARSJÓÐUR UMSÓKNARFRESTUR 15. SEPTEMBER

Umsóknarfrestur um fyrirtækjastyrki Tækniþróunarsjóðs nálgast fljótt en hann er 15. september næstkomandi!

Styrkirnir sem um ræðir eru í Vöxt, Sprett, Sprota og Markað en allar nánari upplýsingar má finna á heimasíðu Rannís.

Vakin er athygli umsækjenda á því að starfsfólk SSNE tekur gjarna að sér yfirlestur umsókna en til að sá yfirlestur gagnist sem best er æskilegt að hann eigi sér ekki stað á allra síðustu stundu. Þá viljum við endilega komast í samband við sem flesta umsækjendur til að reyna að átta okkur betur á hvað þarf að gera til að bæta sókn verkefna af Norðurlandi eystra í styrki Tækniþróunarsjóðs.

Hvetjum við umsækjendur til að hafa samband við ráðgjafa okkar í gegnum netfangið ssne@ssne.is.

FRAMKVÆMDASJÓÐUR FERÐAMANNASTAÐA

Auglýst hefur verið eftir umsóknum um styrki úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða vegna framkvæmda á árinu 2023 og er umsóknarfrestur til kl. 13 miðvikudaginn 5. október næstkomandi.

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða fjármagnar framkvæmdir á ferðamannastöðum og ferðamannaleiðum í eigu eða umsjón sveitarfélaga og einkaaðila.

Greinilegt er að mikill hugur er í sveitarfélögum innan landshlutans að sækja styrki fyrir næsta ár og hefur starfsfólk SSNE verið í samtali við fjölmarga sveitarstjóra síðustu daga og vikur um mögulegar umsóknir og aðstoðað við undirbúning þeirra.

Við ákvörðun umsókna getur verið gagnlegt að líta meðal annars til Áfangastaðaaætlunar Norðurlands - Okkar áfangastaður (2021). Við hvetjum bæði forsvarsfólk sveitarfélaga innan landshlutans, sem og einkaaðila sem hyggja á uppbyggingu ferðamannastaða eða ferðamannaleiða að skoða vel hvort ekki sé ástæða til að sækja í sjóðinn í ár.

Bóka viðtal hjá ráðgjafa

NORÐANÁTTINN BLÆS Á NÝ



Vaxtarrými hefst 3. október og lýkur 24. nóvember.

Sótt er um á heimasíðu Norðanáttar.

Umsóknarfrestur er til og með 19. September.

Samstarfsverkefnið Norðanátt er hreyfiafl sem miðar að því að skapa kraftmikið nýsköpunarumhverfi á Norðurlandi fyrir frumkvöðla og fyrirtæki. Að verkefninu Norðanátt koma EIMUR, SSNV, SSNE og ráðgjafafyrirtækið RATA.

Sjónvarpsþáttur um Norðanátt var frumsýndur þann 23. ágúst sl. á sjónvarpsstöðinni N4. Í þættinum, sem ber heitið 'Nýsköpun á Norðurlandi' var farið yfir hugmyndafræði nýsköpunarhringrásarinnar og stiklað á stóru um mikilvægi nýsköpunar, auðlindanýtingar og verðmætasköpunar. Þá voru verkefni sem þátt tóku í síðustu hringrás einnig kynnt og deildu þeir frumkvöðlar reynslu sinni og upplifun af þátttöku sinni í viðskiptahraðlinum Vaxtarrými. Við hvetjum ykkur til að horfa á þennann stórskemmtilega þátt Norðanáttar sem nálgast má hér á youtube rás Norðanáttar, en hann er einnig aðgengilegur á efnisveitum Símans og Vodafone (N4 Safnið) sem og vefsíðu N4 - n4.is.

Í ágústmánuði hefur norðanáttin verið ríkjandi hér hjá okkur í landshlutunum og það má með sanni segja að nýsköpunarhreyfingin Norðanátt hefur haft í nægu að snúast að undirbúa veturinn.

Kynningarfundur Vaxtarrýmis

Norðanátt býður upp á öflugt Vaxtarrými í annað sinn í haust þar sem þátttakendur fá tækifæri til að efla sig og sín fyrirtæki og vaxa með vinnu sinni í bakkið.

Norðanátt leitar að þátttakendum, þ.e. frumkvöðlum, nýjum fyrirtækjum og nýsköpunarverkefnum innan rótgrónna fyrirtækja á Norðurlandi sem eru komin af hugmyndastigi og vilja nýta Vaxtarrými Norðanáttarinnar til að vaxa og efla sig og sín verkefni.

Vaxtarrými er átta vikna viðskiptahraðall beint að sjálfbærni, með áherslu á mat, vatn og orku og er sérhannaður með þarfir þátttakendanna í huga. Teymin sem verða valin í viðskiptahraðalinn hafa því áhrif á þá fræðslu sem stendur þeim til boða.

Vaxtarrými fer að mestu leyti fram á netinu en teymin hittast fjórum sinnum meðan á verkefninu stendur á vinnustofum á völdum stöðum á Norðurlandi. Þátttakendur kynnast reynslumiklum leiðbeinendum, frumkvöðlum, fjárfestum og stjórnendum fyrirtækja á Norðurlandi og víðar á ráðgjafafundum, sitja vinnustofur og fræðslufundi og mynda sterkt tengslanet sín á milli.

Rafrænn kynningarfundur fer fram mánudaginn 12. september nk. frá kl. 11:30 - 12:00 þar sem farið verður yfir öll helstu atriði Vaxtarrýmis ásamt því að fólki gefst kostur á að spyrja spurninga.

Hlekkur á zoom:

<https://us02web.zoom.us/j/83553405875>

NORÐLENSKIR FRUMKVÖÐLAR OF HÆVERSKIR? ÚTHLUTUN ÚR MATVÆLASJÓÐI

Nú nýverið birti Matvælaráðuneytið frétt um úthlutun úr Matvælasjóði. Alls var úthlutað 584,6 milljónum króna úr fjórum styrktarflokkum:

- **Báru**, vegna verkefna á hugmyndastigi,
- **Keldu**, vegna verkefna sem miða að öflun nýrrar þekkingar sem styður markmið sjóðsins um nýsköpun, sjálfbærni, veðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskrar matvælaframleiðslu,
- **Afurðar**, vegna verkefna sem eru komin af hugmyndastigi en eru samt ekki komin á stig markaðssetningar,
- **Fjársjóðs**, vegna verkefna til að styrkja markaðsvirði og stuðla að markaðssókn íslenskra afurða tengdum íslenskri matvælaframleiðslu.

Samtals fengu 58 verkefni styrk úr matvælasjóði að þessu sinni. Meðal upphæð styrkjar var því rétt ríflega 10 milljónir króna. Styrkir sem veittir voru frumkvöðlum á Norðurlandi eystra voru níu talsins að upphæð tæplega 21,5 milljónir króna, eða um 2,4 milljónir að meðaltali. Í þessum tölum er eingöngu vísað til styrkja sem hægt er að „staðsetja“ sérstaklega í einstaka landshluta, en meirihluti styrkja dreifist sameiginlega á landshluta.

Ástæða er til að óska þeim verkefnum er hlutu brautargengi til hamingju með árangurinn en þau níu sem hlutu styrki á Norðurlandi eystra má sjá hér:

Norðurland eystra	Upphæð
Fullnýting nautaskrokka Sillja Jóhannesar Ástudóttir	3.000.000
Grænkál, ofurfæði norðursins Inger Steinunn Stensson	2.640.000
Hringrásarhænur í bakgördum Alfreð Schöth	2.600.000
Ræktunarlausrir með snoði María Dís Ólafsdóttir	3.000.000
SKERIÐ Guðmundur H Sigurðarson	3.000.000
Sú afurð sem Nordic Fish Leather framleiðir á mikið erindi á markað sem nýr valkostur fyrir leðuriðnaðinn Nordic Fish Leather	2.225.000
Viðskiptaáætlun Mjólurfé og sauðastagerð Syðra-Holt	1.100.000
Þorsk roð snakk / Cod skin crackers Gmatt	3.000.000
Þróa sælkeravöru úr lamba/kindaslögum Hafsteinn Hjálmarsson	1.000.000
Samtals	21.565.000

Alls fimmtán styrkjum að fjárhæð tæplega 179 milljónum er veitt til verkefna sem, samkvæmt yfirliti frá matvælaráðuneytinu, ýmist á landsvísu, eða til tveggja eða fleiri landshluta.

Þegar skoðuð er úthlutun til einstakra landshluta sést að Norðurland eystra er með flesta úthlutaða styrki sem er fagnaðarefni, en hins vegar eru styrkirnir sem hingað fengstu með lægstu meðal fjárhæð á hvern styrkþega.

Landshluti	Fjöldi styrkja	Heildar fjárhæð styrkja	Meðal fjárhæð styrkja
Höfuðborgarsvæðið	8	114.000.000	14.250.000
Norðurland vestra	4	25.400.000	6.350.000
Suðurnes	2	23.000.000	11.500.000
Vestfirðir	3	16.000.000	5.333.333
Suðurland	4	18.600.000	4.650.000
Norðurland eystra	9	21.565.000	2.396.111

Kannski er hægt að draga þann lærdóm af þessa árs úthlutun Matvælasjóðs, að á Norðurlandi eystra er mjög frjótt umhverfi frumkvöðla, en þau eru helst til hæversk þegar kemur að því að sækja um opinbera styrki!

SKATTFRÁDRÁTTUR RANNSÓKNA- OG ÞRÓUNARVERKEFNA

Við minnum stjórnendur fyrirtækja á Norðurlandi eystra á að fyrirtæki sem eru að sinna rannsókn- og þróunarverkefni innan síns fyrirtæki **eiga rétt** á frádrætti á tekjuskatti samkvæmt lögum nr. 152/2009.

Markmiðið með þessu er að efla rannsóknir og þróunarstarf starfandi fyrirtækja.

Sé álagður tekjuskattur lægri en ákvarðaður frádréttur, eða lögaðilla ekki ákvarðaður tekjuskattur vegna skattalegs taps, þá er frádrátturinn greiddur út.

Umsóknarfrestur vegna nýrra verkefna er 3. október næstkomandi kl. 15.

ÍBÚAFUNDUR Á BAKKAFIRÐI

Líflegur íbúafundur var haldinn í skólahúsinu á Bakkafirði fimmtudaginn 18. ágúst á vegum verkefnisstjórnar verkefnisins Betri Bakkafjörður.

Þátttakan var sérlega góð en vel á fjórða tug íbúa og gesta sóttu fundinn og ræddu þar áherslur og stefnu verkefnisins fyrir komandi misseri. Í dag búa um 70 manns á Bakkafirði og nærsveitum en í upphafi aldar var íbúafjöldi í kringum 150. Verkefni og áskoranir eru ærnar en óhætt er að segja að ýmis framfarir hafi þegar náð fram að ganga – bæði stór og smá – frá því að Bakkafjörður hóf göngu sína í Brothættum byggðum árið 2019.

Betri Bakkafjörður, líkt og önnur sambærileg verkefni víða um land, byggir ekki síst á frumkvæði heimafélks. Góðum tíma var því varið í kynningar á verkefnum sem fengið hafa styrk úr Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar. Um leið var sagt frá öðrum samfélagsefandi verkefnum en íbúar og aðrir velunnarar byggðarlagsins hafa, í samvinnu við sveitarfélagið og landshlutasamtökin SSNE, verið ötulir við að undirbúa slík verkefni og afla styrkja úr ýmsum sjóðum. Þannig hafa, frá síðasta íbúafundi, um 36 milljónir króna runnið til fjölbreyttra verkefna á svæðinu auk þeirra fjármuna sem veittir hafa verið úr Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar.

Þá voru þingmenn Framsóknar í Norðausturkjördæmi á ferð um landshlutann og heimsóttu Bakkafjörð af því tilefni. Ingibjörg Isaksen, fyrsti þingmaður Norðausturkjördæmis og þingflokksformaður Framsóknar, ávarpaði fundinn og talaði um mikilvægi þess að nýta verkefnistímann vel til að virkja samtakamáttinn og sækja á ný mið, finna þann stuðning sem í boði er hverju sinni, og eflast í slíkri sókn með aukinni reynslu og þekkingu. Ingibjörg hvatti fundargesti jafnframt til að leita til þingmanna um virkt samtal um þau málefni sem væru íbúum hugleikin.

Að loknum íbúafundi var nýr útsýnispallur á Bakkafirði var vígður með hátíðarbrag. Við vígsluna blessaði séra Þuríður W. Árnadóttir pallinn sem stendur við gömlu höfnina og gengur fram á klappirnar miðsvæðis í kaupúninu. Þaðan er gott útsýni út Bakkaflóa og Gunnólfsvíkurfjall blasir fagurblátt við svo draumskáldin vakna. Um er að ræða fyrsta áfanga verkefnisins Hafnartanginn á Bakkafirði – áningarstaður við ysta haf sem hlaut styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Myndirnar hér að neðan tók Kristján Þ. Halldórsson.



AUKAÞING FÖSTUDAGINN 23. SEPTEMBER -DRÖG AÐ DAGSKRÁ-



- 11:00 Þingsetning** Lára Halldóra Eiríksdóttir, formaður SSNE.
Kosning fundarstjóra og fundarritara.
Kosning kjörnefndar.
- 11:15 Kynning á starfsemi SSNE**
- 12:00 Hlé**
- 12:20 Hvað er Sóknaráætlun: Hvernig getur sveitarstjórnarfolk haft áhrif á verkefnaval SSNE?**
- 13:00 Samtal sveitarstjórnarfólks**
Umræður á borðum.
- 14:30 Kaffihlé**
- 14:50 Kosningar**
Tillaga um skipan Heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra.
Tillaga um skipan formanns úthlutunarnefndar Uppbyggingarsjóðs Norðurlands eystra.
Tillaga um mönnun starfsstöðva (vísað til afgreiðslu frá Ársþingi SSNE í apríl)
- 15:20 Samtal sveitarstjórnarfólks og þingmanna Norðausturkjördæmis**
- 16:30 Samantekt og þingslit**

**SKRÁNING Á SSNE@SSNE.IS
EÐA SSNE.IS**

STARFSMANNAFERÐ Á AUSTURSVÆÐIÐ

Um miðjan ágúst fór starfsfólk SSNE í heimsókn á austursvæðið. Tilgangur ferðarinnar var margvíslegur en auk þess að heimsækja fyrirtæki og stofnanir var tíminn nýttur til að hrista starfsfólkið saman eftir sumarfrí, kveðja Rebekku okkar og kynnast betur innbyrðis.

Þegar í pistilfjörðinn var komið tók Daníel Hansen á móti okkur í [Fræðasetri um forystufé](#), þar var drukkuð dýrindis kaffi og safnið skoðað. Einhverjir pössuðu sig á því að kaupa handverk unnið úr ull af forystufé og tryggja með því að rata alltaf heim.

Á Þórshöfn var snætt á [Bárunni](#) og í framhaldinu tóku þeir Siggeir Stefánsson, Rafn Jónsson og Stefán Friðriksson á móti hópnum hjá Ísfélaginu. Vertið var í fullum gangi og mikið um að vera þegar SSNE bar að garði. Í frystihúsinu er unnið fyrsta flokks hráefni til manneldis og fór hópurinn í skoðunarferð um allt húsið og fylgdist með ferlinu. Þeir hördustu létu sig hafa það að fara inn í lausfrystinn sem er sá stærsti í Evrópu og vottaði fyrir kuldahrolli að þeirri heimsókn lokinni. Ljóst er að miklu máli skiptir að farið verði í uppbyggingu raforkukerfisins á svæðinu sem allra fyrst.



Hluti sveitastjórnar tók á móti hópnum okkur í nýjum húsakynnum Langanesbyggðar á stuttum fundi þar sem góðar umræður sköpuðumst um hluverk SSNE og samskipti við sveitarstjórnir í landshlutanum.

Þaðan lá leiðin í [Sælusápur](#) á Gunnarsstöðum þar sem Sirrý tók á móti okkur. Þar er rekið sprotafyrirtæki, framleiddar og seldar handgerðar íslenskar heimilisvörur, bæði sápur og kerti. Hún gerði það mikið.

Langanesið og Þistilfjörðurinn voru kvædd í bili og lá leið hópsins til Raufarhafnar, allir vel ilmandi eftir heimsóknina í Sælusápur.

Fyrsta stopp var að sjálfsögðu Heimskautsgerðið sem er stærsta útilistaverk á Íslandi og þótt víða væri leitað. Í framhaldi snæddi dýrindis kvöldverð á [Hótel Norðurljósum](#) og eftir hann var kvöldvaka þar sem sungið var að íslenskum hætti fram eftir kvöldi.



Að loknum hefðbundnum vinnufundi í morgunsárið var [Óskarstöðin](#) á Raufarhöfn heimsótt, þar var myndlistanámskeið á fullu og mikið að gerast. Ekið var um Sléttu í blíðskaparveðri sem leið lá til Kópaskers og hádegisverður snæddur í [Skerjakollu](#).

[Listakonan Ingunn St. Svavarsdóttir](#) og maður hennar Sigurður Halldórsson tóku á móti hópnum í Bragganum. Móttökurnar sæmdu kóngafólki og starfsfólk SSNE var heillað af sýningunni og húsnæðinu.

Í lok dags tók Tómas Helmig á móti hópnum í Íslandsbleikju í Öxarfirði. Þar er mikil uppbygging í gangi og verið að stækka.

Ferðin var í alla staði frábær, við hjá SSNE þökkum þeim sem tóku á móti okkur innilega fyrir móttökurnar.



FYRIRTÆKJAHEIMSÓKNIR

Starfsfólk SSNE hefur eins og líklegast flestir fagnað því að samkomutakmarkanir vegna Covid-19 eru ekki lengur í gildi. Eitt af því sem við höfum því verið að taka upp á ný er að heimsækja starfandi fyrirtæki og félagasamtök í landshlutanum til að kynna þá sem þar er gert, auk þess að ræða hvað SSNE og sveitarfélögin geta gert til að styðja við uppbyggingu ólíkra atvinnugreina á svæðinu.

Við kunnum þeim sem hafa tekið á móti okkur á síðustu vikum góðar þakkir fyrir móttökurnar og hlökkum til komandi heimsókna sem farnar verða á næstu vikum og mánuðum.

Hér má sjá myndir úr nokkrum af þeim heimsóknum sem hafa verið farnar á síðustu vikum.



MEGUM VIÐ KÍKJA Í HEIMSÓKN?

Starfsfólk SSNE vill gjarna kynna starfandi fyrirtækjum á svæðinu betur og verður sérstök áhersla lögð á að heimsækja sveitarfélög, fólk og fyrirtæki á starfssvæðinu næstu mánuði.

Ef þitt fyrirtæki hefur áhuga á að fá fulltrúa SSNE í heimsókn máttu gjarna hafa samband með því að senda póst á netfangið ssne@ssne.is og við finnum tíma sem hentar.

ÁHERSLUR UM VINDORKUNÝTINGU

Guðlaugur Þór Þórðarson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði nýverið þriggja manna starfshóp til að gera tillögur til ríkisstjórnarinnar varðandi nýtingu vindorku, þ.á.m. um lagaumhverfi hennar og hvernig verði tekið á ýmsum álitamálum.

Hilmar Gunnlaugsson, hrl., er formaður starfshópsins, en auk hans eru Björt Ólafsdóttir, fyrrv. ráðherra umhverfis- og auðlindamála og Kolbeinn Óttarsson Proppé, fyrrv. alþingismaður skipað í hópinn. Hópnunum er ætlað að vinna hratt og örugglega og skila tillögum til ráðherra fyrir 1. febrúar 2023.

Hlutverk starfshópsins er að skoða og gera tillögur til ráðuneytisins um hvernig ofangreindum markmiðum verði náð. Gert er ráð fyrir að starfshópurinn fari sérstaklega yfir lög nr. 48/2011, um verndar- og orkunýtingaráætlun, að því er varðar meðhöndlun og málsmeðferð vindorku yfir 10 MW innan rammaáætlunar; auk lagafrumvarps og þingsályktunartillögu sem lögð voru fram 2021 um staðsetning vindorkuvera í landslagi og náttúru Íslands.

Starfshópnunum er ætlað að vinna mjög náið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga. En að auki fengu sveitarfélögin öll erindi frá starfshópnunum fyrir stuttu þar sem óskað var eftir umsögnum þeirra um tiltekin álitafni fyrir lok september. Víða eru áhugasamir framkvæmdaaðilar þegar farnir að hafa samband við sveitarfélögin og því mikið hagsmunamál fyrir þau að skýr stefna sé mótuð, ásamt skýrum lögum og reglum til að vinna eftir. Það er því sérstaklega mikilvægt að rödd sveitarfélaganna heyrist skýrt í þeirri vinnu sem framundan er.



FYRRA HAUSTÞING

FÖSTUDAGINN 23. SEPTEMBER

- NÁNARI UPPLÝSINGAR OG SKRÁNING Á WWW.SSNE.IS -



Ágrip frá framkvæmdastjóra

Haustið hefur sannarlega farið af stað með krafti og hefur verið í mörg horn að líta hjá starfsfólki SSNE síðasta mánuðin - eins og líklega á flestum öðrum vinnustöðum landsins. Það er alltaf einhver óræður kraftur yfir öllu þegar fólk snýr aftur til vinnu eftir sumarfrí - uppfyllt af orku til að takast á við verkefni vetursins.

Eins og sjá má af lestri fréttabréfsins er ótal margt framundan sem vert er að fylgjast með. Í bæði september og október eru fjölmargir sjóðir með umsóknarfresti og er til að mynda að fara af stað ný hringrás Norðanáttarinnar, auk þess sem umsóknarfrestir í Tækniþróunarsjóð eru nú um miðjan mánuðinn. Í lok mánaðarins verður svo heilmikið um að vera hér fyrir norðan en aukapung SSNE þar sem sveitarstjórnarfolk landshlutans kemur saman verður haldið í Eyjafjarðarsveit 23. september næstkomandi og aðeins nokkrum dögum síðar tekur SSNE á móti formönnum og framkvæmdastjórum hinna landshlutasamtakanna á Húsavík, áður en haldið verður til landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Landsþingið Sambandsins verður haldið í Hofi á Akureyri dagana 28.-30. september n.k. undir yfirskriftinni Grunnur að góðu samfélagi. Nú þegar liggja fyrir drög að stefnumörkun Sambandsins fyrir árin 2022-2026 og er vert að hvetja einkum sveitarstjórnarfolk til að kynna sér drögin vel og búa sig þannig undir samtalið á þinginu.

Þó Norðanáttin sé farin af stað þá vonum við samt að suðlægir vindar og sól haldi áfram að gleðja okkur inn í haustið. Við stígum bjartsýn inn í haustið og vonum að þið sem þetta lesið finnið einnig þann kraft sem er í loftinu og ætlað að fylgja okkur inn í veturinn.

Með kærri kveðju,
Albertína Friðbjörg.



Er um við að leita að þér?



Verkefnastjóri

Leitað er að öflugum verkefnastjóra í
teymi atvinnuþróunar og nýsköpunar
hjá SSNE.

Umsóknarfrestur 23. september

